

**Ed.**

**410. Frumvarp til laga**

[177. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Hvammstangahrepps, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvammstangahrepps. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur það fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins, sem afhenti nefndinni svo hljóðandi athugasemdir við frumvarpið:

„Þegar Hvammstangahreppur keypti lóðir og lendur þar í hreppi af rikissjóði með afsalsbréfi, dags. 18. júlí 1955, kom í ljós, að mestöllu landinu hafði þegar verið ráðstafað af fyrri eigendum þess með erfðafestuleigum til langs tíma og yfirleitt með mjög lágum leigukjörum. Einnig er upplýst, að sumir erfðafestuleigutakar hafa framleigt byggingarlóðir úr erfðafestuleigulöndum sínum með þeim afleiðingum, að leiga eftir þær hefur margfaldast.

Þá má og geta þess, að nefndir erfðafestuleigusamningar hafa mjög torvelað framkvæmd skipulags í kaптúninu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að brýna nauðsyn beri til þess að tryggja Hvammstangahreppi rétt til að taka öll umrædd erfðafesturéttindi í nefndu eignarlandi hreppsins eignarnámi, þannig að unnt verði m. a. að gera nýja samninga við leigutaka um þau lönd, sem hreppsnefndin telur fært að leigja áfram.“

Aðalatriði málsins er samkvæmt framlögðum skilríkjum, að nauðsyn krefur vegna skipulags kaптúnsins Hvammstanga, að hreppsnefndin fái heimild til eignarnámsins.